



## FUNDARGERÐ

### Aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Austurlands 2017 Haldinn miðvikudaginn 1. nóvember 2017 kl. 13:30 í Kaupvangskaffi á Vopnafirði

#### Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar fyrir árið 2016
2. Ársreikningar 2016 lagðir fram
3. Umræða um liði 1 og 2
4. Tillaga að breytingu á gjaldskrá
5. Fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár, 2018
6. Umræður um gjaldskrá og fjárhagsáætlun
7. Kjörinn löggiltur endurskoðandi
8. Kjörnir tveir skoðunarmenn ársreikninga og jafnmargir til vara
9. Tillögur að breytingu á stofnsamþykkt byggðasamlagsins
10. Upphreinsun ónytjahluta, breytt verklag í kjölfar úrskurðar
11. Önnur mál

#### **Fundarmenn:**

nafn	Sveitarfélag	
Jón Björn Hákonarson	Fjarðabyggð	Formaður heilbrigðisnefndar
Árni Kristinsson	Fljótsdalshérað	Varaformaður heilbrigðisn.
Vilhjálmur Jónsson	Seyðisfjarðarkaupstaður	
Bjarni Sveinsson	Borgarfjarðarhreppur	
Páll Björgvin Guðmundsson	Fjarðabyggð	
Andrés Skúlason	Djúpavogshreppur	Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Ólafur Áki Ragnarsson	Vopnafjörður	
Eyjólfur Sigurðsson	Vopnafjörður	
Sandra Konráðsdóttir	Vopnafjörður	Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Kristín Ágústsdóttir		Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Helga Hreinsdóttir		Frkvstj. HAUST
Lára Guðmundsdóttir		Staðgengill frkvstj. HAUST

Jón Björn Hákonarson formaður heilbrigðisnefndar, setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Jón Björn fól Ólafi Áka Ragnarssyni, sveitarstjóra Vopnafjarðarhrepps, fundarstjórn og starfsmönnum HAUST fundarritun og bað þessa aðila að taka til starfa.

Fundarstjóri óskaði eftir upplýsingum um hverjir færu með umboð og atkvæðisrétt fyrir sveitarfélögin skv. tilnefningum til HAUST.

#### Tafla yfir fjölda atkvæða og nöfn fulltrúa sveitarfélaga á aðalfundi HAUST 2017:

Sveitarfélag	Fjöldi atkvæða á aðalfundi 2016	Nafn fulltrúa sem fer með atkvæði sveitarfélags:
Vopnafjarðarhreppur	3	Eyjólfur Sigurðsson
Fljótisdalshreppur	1	Árni Kristinsson, skv. umboði
Fljótisdalshérað	11	Árni Kristinsson
Seyðisfjarðarkaupstaður	3	Vilhjálmur Jónsson
Borgarfjarðarhreppur	1	Bjarni Sveinsson
Fjarðabyggð	14	Páll Björgvin Guðmundsson
Breiðdalshreppur	1	Andrés Skúlason skv. umboði
Djúpavogshreppur	2	Andrés Skúlason
Hornafjörður	7	Andrés Skúlason skv. umboði
<b>Samt.:</b>	<b>43</b>	

## 1. Skýrsla stjórnar

Jón Björn Hákonarson, formaður heilbrigðisnefndar, flutti skýrslu stjórnar. Skýrslan fylgir fundargerðinni.

## 2. Ársreikningar 2016 lagðir fram

Helga Hreinsdóttir framkvæmdastjóri, kynnti ársreikningana. Reikningarnir voru endurskoðaðir af KPMG og áritaðir af skoðunarmönnum. Reikningarnir voru lagðir fyrir heilbrigðisnefnd á fundi 6.9.2017 og þá afgreiddir til aðalfundar.

Helstu niðurstöðutölur ársreiknings 2016 eru sem hér segir (í þúsundum króna):

	niðurstaða ársreiknings 2016	áætlun 2016
Rekstartekjur	66.474.	64.945
Rekstargjöld	70.088	71.470
Rekstrarniðurstaða	-3.524	-6.524

Niðurstaða ársins var neikvæð en þó mun minna en áætlun gerði ráð fyrir.

### 3. Umræður um liði 1 og 2 skýrslu stjórnar og ársreikninga 2016

Til máls tóku Jón Björn Hákonarson, Páll Björgvin Guðmundsson, Andrés Skúlason og Ólafur Áki Ragnarsson og Helga Hreinsdóttir.

Ársreikningar fyrir árið 2016 voru bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.

### 4. Tillaga að breytingu á gjaldskrá

Helga Hreinsdóttir kynnti tillögur heilbrigðisnefndar að hækkun gjaldskrár. Byggt er á stefnumótun heilbrigðisnefndar um að jafna reksturinn og draga úr sveiflum.

	er kr.	verði
<i>Tímagjald</i>	<i>11.500</i>	<i>13.300</i>
<i>Gjald vegna rannsóknar á neysluvatni skv. eftirlitsáætlun</i>	<i>22.000</i>	<i>25.300</i>
<i>Gjald vegna rannsókna á öðrum sýnum skv. eftirlitsáætlun</i>	<i>13.500</i>	<i>15.600</i>

### 5. Fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár 2018

Helga Hreinsdóttir kynnti fjárhagsáætlun sem unnin er á grunni ofangreindra tillagna um gjaldskrárbreytingar.

Drögin voru til umfjöllunar á fundi heilbrigðisnefndar þann 6.9.2017. Á þeim fundi voru drögin samþykkt til afgreiðslu á aðalfundi.

Í umfjöllun um fjárhagsáætlunina sagði Helga Hreinsdóttir frá að Páll Björgvin Guðmundsson hefði þegar bent á villu í uppsetningu fjárhagsáætlunar, þar sem bifreiðakaup voru gjaldfærð og höfðu því óeðlileg áhrif á tímagjald. Eftir sem áður er rétt að leggja fram þá tillögu að fjárhagsáætlun sem heilbrigðisnefnd hafði samþykkt til aðalfundar.

### 6. Umræður um liði 4 og 5, tillögu að breytingu á gjaldskrá og tillögu að fjárhagsáætlun 2018

Til máls tóku Páll Björgvin Guðmundsson, Jón Björn Hákonarson og Helga Hreinsdóttir sem varpaði upp á skjá þeim tillögum að gjaldskrárhækkunum sem höfðu verið lagðar fyrir heilbrigðisnefndarfund með og án bílakaupa í rekstarlið.

Jón Björn bar fram tillögu um að tímagjald í gjaldskrá yrði kr. 13.000 í stað 13.300, þ.e. 13% hækkun gjaldskrár í stað 15%. Aðrar upphæðir gjaldskrár hækki til samræmis.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Jón Björn bar fram tillögu um að tekjuhlíð fjárhagsáætlun yrði miðuð við tímagjaldið kr. 13.000, sbr. tillögu B frá fundi heilbrigðisnefndar þann 6.9.2017.

Tillagan var borin upp og fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 þannig samþykkt samhljóða.

## 7. Kjörinn löggiltur endurskoðandi

Lögð fram tillaga um að óska áfram þjónustu frá KPMG.

Tillagan samþykkt samhljóða.

## 8. Kjörnir tveir skoðunarmenn ársreikninga og jafnmargir til vara

Lagt er til að skoðunarmenn reikninga verði endurkjörnir, þ.e.

Stefán Bragason, starfsmanna- og skrifstofustjóri Fljótsdalshéraðs og Ingunn Björnsdóttir, fjármálastjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Til vara Gunnþórunn Ingólfisdóttir, oddviti Fljótsdalshrepps og Jón Þórðarson, sveitarstjóri Borgarfjarðarhrepps.

Tillagan lögð fram og samþykkt samhljóða.

## 9. Tillögur að breytingu á stofnsamþykkt byggðasamlagsins

Jón Björn Hákonarson gerði grein fyrir að þar sem Sveitarfélagið Hornfjörður er ekki lengur aðili að Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi þykir rétt að færa kjör stjórnar frá aðalfundi SSA og inn á aðalfund HAUST.

Lögð var fram eftirfarandi breytingatillaga á 1. mgr. 5. gr. í stofnsamningum :

Á eftir orðinu aðalfundi komi þar sem nú stendur „Sambands Sveitarfélaga á Austurlandi“ komi „Heilbrigðiseftirlits Austurlands bs.“.

Málgreinin verður þá þannig:

Til að vinna að verkefnum þeim, sem lög og reglugerðir kveða á um eða aðildarsveitarfélögin kjósa að unnið skuli að á vettvangi HAUST, skulu á fyrsta aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Austurlands bs. eftir hverjar reglulegar sveitarstjórnarkosningar, kosnir fimm fulltrúar í heilbrigðisnefnd og jafnmargir til vara.

Til máls tóku Jón Björn Hákonarson og Helga Hreinsdóttir.

Tillagan borin upp og samþykkt með atkvæðum allra fundarmanna.

## 10. Upphreinsun ónytjahluta, breytt verklag í kjölfar úrskurðar

Helga Hreinsdóttir gerði grein fyrir nýlegum úrskurði frá Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, þar sem niðurstaðan er að Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hafi verið í fullum rétti til að láta fjarlægja númerslausa bifreið af einkalóð. Í úrskurðinum er að finna ítarlega lýsingu á réttu verklagi heilbrigðiseftirlits og réttarstöðu aðila. Farið var yfir úrskurðinn, gögn frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja kynnt og lagðar fram tillögur um að breyta verklagi HAUST.

Í umræðum tóku flestir fundarmanna til máls.

Samantekin niðurstaða umræðna er þannig:

- Það er sameiginlegur skilningur aðalfundar að upphreinsun/tiltekt í sveitarfélögum skuli vera að frumkvæði viðkomandi sveitarfélags og á kostnað þess.
- HAUST endurskoði verklagsreglur um upphreinsun og sendi sveitarfélögum og umhverfisnefndum til umsagnar.
- HAUST endurskoði Samþykkt nr. 668/2010 með breytingu nr. 724/2016 um umgengni og þrifnað utan húss í Fljótsdalshreppi, Fjarðabyggð, Breiðdalshreppi, Seyðisfjarðarkaupstað,

Fljótshéraði og Sveitarfélaginu Hornafirði og sendi sveitarfélögum á starfssvæðinu til umsagnar.

## 11. Önnur mál

Engin önnur mál voru til umræðu.

Fundi var slitið kl. 15:30 og starfsmönnum í Kaupvangskaffi þakkað fyrir frábærar veitingar með lófataki.

Fundargerðina staðfesta:

---

Ólafur Áki Ragnarsson  
fundarstjóri

---

Helga Hreinsdóttir og Lára Guðmundsdóttir  
fundarritarar



# Skýrsla stjórnar Heilbrigðiseftirlits Austurlands til aðalfundar HAUST bs. 1. nóvember 2017

flutt af Jóni Birni Hákonarsyni, formanni heilbrigðisnefndar

## Heilbrigðisnefndin

Sú heilbrigðisnefnd sem nú starfar hefur verið óbreytt frá aðalfundi 2015 og sá sem hér talar hefur verið formaður jafnlengi. Rétt er að minna á að heilbrigðisnefnd Austurlands er jafnframt stjórn byggðasamlags um rekstur HAUST skv. stofnsamningi frá árinu 1998.

Aðalfundur 2015 var haldinn í Hoffelli í Öræfum, 2016 var hann haldinn í Fljótsdal og nú er aðalfundurinn haldinn á Vopnafirði. Þetta sýnir að starfssvæði nefndarinnar er landfræðilega vítt, en það er einnig afar umfangsmikið faglega, allt frá vernd neysluvatns og smitgátar, öryggis íbúa yfir í mengunarvarnir og viðbrögð við mengunarslysum. Nefndin sjálf vinnur að stefnumótun í málaflokkum en hefur með bókun falið starfsmönnum að afgreiða mál á milli funda eftir því sem hægt er. Á nefndarfundum eru mál síðan afgreidd formlega og tekin fyrir mál sem ekki er hægt að afgreiða milli funda.

Á starfsárinu hafa verið haldnir sex fundir. Þar af hafa fjórir fundir verið símleiðis en tvisvar hefur nefndin hist, enda er mikilvægt að ræða fjárhagsáætlanir og flóknari mál yfir borð en ekki símleiðis.

Hrunárið 2008 var mikill halli á rekstri HAUST. Í kjölfarið var mjög saumað að starfsemi HAUST hvað varðar húsnæði, ferðalög og endurmenntun, frestað var endurnýjun bifreiða o.þ.h. Árin frá 2009 til 2013 var rekstur HAUST hallalaus, þannig að sjóður safnaðist og fjárhagsáætlanir voru samþykktar með halla árin 2014-2017. Núverandi stjórn HAUST leggur áherslu á að byggðasamlagið sé rekið hallalaust og að gjöld standi sem næst undir veittri þjónustu eins og vera ber.

## Starfsfólk

Síðan á aðalfundi 2016 hafa verið meiri sviptingar í starfsmannahaldi en við eigum að venjast, enda er starfsaldur hjá heilbrigðiseftirliti alla jafnan langur. Enginn starfsmaður hefur sagt upp á árinu en vegna fæðingarorlofa Leifs og Drafnar hefur Hrund Erla Guðmundsdóttir verið ráðin fram á mitt sumar 2018.

Helga hefur fengið árs leyfi frá stöðu framkvæmdastjóra frá 1.2.2018 og jafnframt verið ráðin í hlustastöðu sem heilbrigðisfulltrúi frá sama tíma. Leifur hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri í hennar stað og Lára tekur við sem staðgengill framkvæmdastjóra.

## Breytingar í starfsumhverfi heilbrigðiseftirlits

Á síðasta aðalfundi kynnti Kjartan Ingvarsson, lögfræðingur hjá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu hugsanleg áform um breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, þ.m.t. hugsanlegar breytingar á skipan heilbrigðisnefnda. Lögunum var í tvígang breytt á árinu 2017, meginatriði sem snúa að heilbrigðiseftirliti eru annars vegar var opnað á að breyta starfsleyfisskyldu í tilkynningaskyldu og hins vegar var tekinn inn í

löginn stór málaflokkur vegna EES samninga um mengun frá iðnaði. Einnig varð nokkur tilfærsla á verkefnum milli Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits, m.a. er eftirliti með stærstu þauleldisfyrirtækjum fært frá heilbrigðiseftirliti og til Umhverfisstofnunar. Tilfærslan er þó ekki jafnmikil og boðuð hafði verið og ekki er að fullu fyrirséð hvaða áhrif þetta hefur á störf heilbrigðisnefnda. Hins vegar hefur ráðuneytið boðað áframhaldandi vinnu við breytingar á hollustuháttalögum og ekki ljóst hvert stefnir í þeim pólitíska glundroða sem við búum við.

Lengi hefur verið beðið eftir breytingum á reglugerðum sem hafa verið í vinnslu innan UAR. Nú hefur ný reglugerð um varnir gegn olíumengun vegna starfsemi í landi tekið við af reglugerð með sama nafni sem var frá 1993. Þessi nýja reglugerð er vel unnin og færir heilbrigðiseftirlit ný verkefni, svo sem aðkomu að olíutönkum á höfnum, sem lengi hefur verið kallað eftir. Breytingar hafa verið gerðar á hollustuháttareglugerð m.a. til að samræma hana nýrri byggingareglugerð og nú á seinustu dögum fyrir kosningar var samþykkt breyting á baðvatnsreglugerð þannig að nýtt hugtak „afþreyingalaug“ bætist í flóruna og einnig reglugerð sem heimilar hunda og ketti inn á veitingastaði skv. ákveðnum reglum þar um.

Úrskurðir sem hafa fallið á árinu hafa verið misvísandi, þannig hefur t.d. verið úrskurðað að heilbrigðisnefnd þurfi að fjalla um mál sem hefð var fyrir að starfsmenn ynnu, úrskurðað var að heilbrigðisfulltrúar mættu ekki fela starfsmönnum sveitarfélaga álímingar á númerslausa bíla, heldur yrðu sjálfir að framkvæma álímingar og nú seinar féll úrskurður sem tekur af tvímæli um að heilbrigðiseftirliti er heimilt að láta taka til á einkalóðum.

Allar þessar og fleiri breytingar munu hafa áhrif á starfsumhverfi heilbrigðiseftirlits og einhvern tíma tekur að aðlaga starfsemina og fá túlkanir á verklag. Varðandi upphreinsun á lóðum, þá er um að ræða stefnubreytingu frá því sem hefur verið túlkun og skilningur HAUST og verður sérstaklega fjallað um það mál í lok aðalfundar, enda mikið þjóðþrifamál.

Reglugerð sem enn er í vinnslu innan UAR og beðið er eftir með mikilli eftirvæntingu er ný eða endurskoðuð fráveitureglugerð. Vinna við hana hefur af ýmsum ástæðum gengið brösótt og drög sem send voru til kynningar hafa hlotið misjafnar undirtektir. Ljóst er að miklu máli skiptir hvernig til tekst með þessa reglugerð hvað varðar fjárhag sveitarfélaga, enda eru úrbætur í fráveitumálum kostnaðarsamar, en einnig varðandi atvinnustarfsemi og hreinleika lands og sjávar til langrar framtíðar.

Enn er rétt að vekja athygli á þeirri skoðun Heilbrigðisnefndar Austurlands að nefndin og starfsmenn hennar séu vel í stakk búin til að taka við frekari verkefnum frá ríkisstofnunum og að við teljum þau eiga betur heima í héraði.

1. nóvember 2017

Jón Björn Hákonarson  
formaður heilbrigðisnefndar

Helga Hreinsdóttir  
frkvstj. HAUST